

Jakob Orri Jónsson, Svavar Níelsson og Steinunn Kristjánsdóttir

Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ

Áfangaskýrsla 2022



Reykjavík 2023

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Abstract	3
1. Forsaga rannsóknar	5
1.1. Ágrip af sögu Kirkjubæjarklausturs	5
1.2. Fyrri rannsóknir	6
2. Stjórnýsla og fjármögnun	9
3. Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi	11
4. Stærð og umfang uppgrafter	13
4.1. A-Svæði.....	15
4.2. B-Svæði.....	17
4.3. C-Svæði.....	18
5. Lýsing mannvirkja	21
6. Fundir	23
6.1. Bein	24
6.2. Blý	24
6.3. Gler.....	25
6.4. Járn	25
6.5. Keramik.....	26
6.6. Kopar.....	27
6.7. Silfur.....	27
6.8. Steinar.....	28
6.9. Textíll	29
6.10. Tin	29
6.11. Viðarkol.....	30
6.12. Viður.....	30
7. Landslag, gróður og jarðgrunnur	31
8. Miðlun	33
9. Túlkun og framhald rannsókna	35
Heimildaskrá	37
Jarðlagaskrá	39
Jarðlög sem náðu yfir öll svæði.....	39
A-Svæði.....	39
C-Svæði.....	40
Fundaskrá	43
Sýnaskrá	49
Ljósmyndaskrá	51
Viðauki 1	59
Aðferðir	59
Greining	60
Niðurstöður	61
Heimildaskrá	61
Viðauki 2	63

Myndaskrá

Mynd 1: Uppgraftarsvæðið á Kirkjubæjarklaustri 2022. Einnig er merkt inn uppgraftarsvæðið 2002–2006, yngri bæjarrústir, kirkjugarðurinn og kapellan.	7
Mynd 2: Niðurstöður uppgraftar Fornleifafraeðistofunnar 2000–2006. Í herbergi B má sjá leifar vefstaðar, viðarminjar litaðar brúnar. Teikning eftir Böðvar Þór Unnarsson, Guðbjörgu Melsted, Kristján Mímisson, Sindra Ellertsson og Söndru Sif Einarsdóttur.....	8
Mynd 3: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu, tekin seinasta dag vettvangsvinnu með flygildi.	12
Mynd 4: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd. Sjá má hringlaga garð innan gamla kirkjugarðsins en einnig rústir vestan við núverandi uppgraftarsvæði.	13
Mynd 5: Teikning af uppgraftarsvæðinu sumarið 2022 við lok vettvangsvinnu	14
Mynd 6: Teikning af A-svæði, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022.....	15
Mynd 7: Teikning af C-svæði uppgraftarins sumarið 2022, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu : Flæðirit yfir einingar á A-svæði.....	16
Mynd 8: Teikning af B-svæði, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022.	17
Mynd 9: Teikning af C-svæði uppgraftarins sumarið 2022, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu	18
Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á C-svæði.	19
Mynd 11: Torfhleðsla [800]......	21
Mynd 12: Torfhleðsla [904]......	22
Mynd 13: Dreifing funda við uppgröftinn á Kirkjubæjarklaustri 2022.	23
Mynd 14: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.	24
Mynd 15: Innsigli úr blýi (2022-7-3).	24
Mynd 16: Glerbrot (2022-7-52).	25
Mynd 17 og 18: Örvaroddur (2022-7-1). Myndirnar tók Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands.	26
Mynd 18	26
Mynd 19: Keramikbrot (2022-7-12).	26
Mynd 20: Endi af hnífskaftri gerður úr blöndu af kopar, tini og blýi (2022-7-30).	27
Mynd 21: Silfur (2022-7-21).	28
Mynd 22: Brýni (2022-7-2).	28
Mynd 23: Bútur úr vaðmáli (2022-7-103).	29
Mynd 24: Tin sakka eða lóð (2022-7-9).	29

Þakkir:

Lárus Siggeirsson landeigandi, Skaftárhreppur, Guðmundur Vignir Hauksson, Hilmar Gunnars-son, Jóhanna Steingrímsdóttir og fjölskylda Hörgslandskoti I og Ólafur Helgi Jóhannsson hjá Thrifty bílaleigu.

Uppgröfturinn fór fram fyrir fjárframlag úr Rannsóknasjóði Íslands, öndvegisstyrkur nr. 228576-051.

© Reykjavík: höfundar, 2023

Forsíðumynd: Nálabrýni (2022-7-2) sem fannst í öskulögum frá klausturtíma á Kirkjubæjar-klaustri.

Grunnupplýsingar:

Rannsóknarnúmer

202203-0065

Þjóðminjasafnsnúmer

2022-7

Stutt lýsing rannsóknar

Uppgröftur á rústum klausturs á Kirkjubæjarklaustri í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppur, Suðurland

GPS hnit

SV: 546751.134, 365400.011

NV: 546742.105, 365415.621

SA: 546757.021, 365404.376

NA: 546746.107, 365418.565

Rannsóknartími

4. til 27. júlí 2022

Leyfishafi

Prófessor Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Átta starfsmenn: Fimm fornleifafræðingar og þrír grunnnámsnemar



Útdráttur

Í júlí 2022 var ráðist í uppgröft á Kirkjubæjarklaustri en þar var grafið síðast á árunum 2002–2006. Nýtt uppgraftarsvæði var opnað vestan við kirkjugarð staðarins en áður hafði verið grafið norðan við hann. Er uppgröfturinn nú hluti af verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem miðar að því að kanna hvernig nunnuklaustrið, sem þarna var rekið frá 1186–1543, starfaði í sambúð við umhverfi sitt. Við uppgröftinn kom í ljós öskuhaugur sem hlóðst upp á tímum klaustursins og fram á 18. öld. Einnig komu í ljós torfhleðslur frá 17. eða 18. öld samkvæmt gripum sem fundust við þær. Enn er óljóst hvort um er að ræða hleðslur úr byggingum eða stök garðlög. Engar hleðslur frá klausturtíma fundust.

Abstract

In July of 2022 excavations were continued on the ruins of the female monastery at Kirkjubæjarklaustur, south Iceland, but excavations had been undertaken there in the years 2002–2006. A new excavation area was opened west of an old cemetery in Kirkjubæjarklaustur but previous excavations took place north of the cemetery. The current investigations are a part of the project *Between Man and Nature* which seeks to understand how the operation of the Benedictine monastery, which operated there between 1186 and 1543, was intertwined with its environment. The excavation revealed a midden that accumulated from the time of the monastery and into the 18th century. Also revealed during the excavation were turf walls that date to the 17th or 18th centuries based on artefact typologies. It is still uncertain whether these turf walls were freestanding or a part of roofed buildings. No building structures from monastic times were uncovered during the excavation in 2022.

1 Forsaga rannsóknar

Ráðist var í uppgröft á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2022 í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*, sem stjórnað er af Steinunni Kristjánsdóttur. Markmiðið er að breikka þá þekkingu sem þegar er til staðar um klausturlifnað þar með sérstakri áherslu á vistfræði staðarins. Fór uppgröfturinn fram vestan við gamla kirkjugarð Kirkjubæjarklausturs en innan hans má sjá rústir kirkjunnar þar sem eldmessan svokallaða var sungin árið 1783. Austan við kirkjugarðinn er Minningarkapella ‚eldklerksins‘ sr. Jóns Steingrímssonar en hún var vígð 1974.

1.1 Ágrip af sögu Kirkjubæjarklausturs

Kirkjubæjar er fyrst getið í Landnámu en Ketill hinn fíflski nam land milli Geirlandsár og Fjarðarár og bjó að Kirkjubæ þar sem papar áttu áður að hafa búið (*Landnáma*, 1982, bls. 322, 324). Kirkjubæjarklaustur var stofnað árið 1186 fyrir tilstilli Þorláks helga Þórhallssonar sem þá var Skálholtsbiskup og var klaustrið af reglu heilags Benedikts. Klaustrið laut stjórnar abbadísar eins og hefð var fyrir um nunnuklaustur. Magnús Gissurarson biskup í Skálholti afhenti leikmönnum hins vegar klaustrið árið 1217 eða 1218, og var því stjórnað af höfðingjum til ársins 1293 þegar Árni Þorláksson Skálholtsbiskup setti abbadís á ný yfir það. Starfsemi klaustursins virðist því hafa legið niðri að miklu leyti í nærri 80 ár þó vitað sé að nunnur hafi verið í Kirkjubæ allan þennan tíma. Eftir það var Kirkjubæjarklaustur rekið allt til siðaskipta, en það var lagt af 1543. Stóð rekstur klaustursins því sleitulaust í 250 ár og með hléum í nærri 350 ár (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 271–297; 2021, bls. 87).

Kirkjubæjarklaustur var fyrsta nunnuklaustrið sem stofnað var á Íslandi. Sennilega gegndu nunnuklaustrin, hér á landi líkt og annars staðar einhvers konar hlutverki sem athvarf fyrir konur því vitað er að þangað leituðu konur skjóls undan kynbundnu ofbeldi (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 272–274). Líkt og mörg önnur klaustur á landinu virðist Kirkjubæjarklaustur hafa verið fremur auðugt, bæði að jörðum, kirkjuklæðum og helgigripum en bústofninn var talinn stór og verðmætur. Svo dæmi sé tekið átti Kirkjubæjarklaustur 40 jarðir samkvæmt skrá yfir jarðeignir þess eftir að Danakonungur hafði tekið það yfir (Árni Daníel Júlíusson, 2014, bls. 115). Vísbendingar eru um að nunnurnar hafi mögulega gefið fátækum mat, að þar hafi verið rekinn skóli fyrir stúlkur og stundaður vefnaður og klæðagerð fyrir kirkju og almenning (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 291–293).


Eftir að klaustrið var lagt af voru skipaðir klausturhaldarar til þess að sjá um jarðagóss klaustursins og ráðstafa ítökum þeirra en þessu hlutverki hafði áður verið sinnt af abbadísnum. Á 17.

öld tók svo verðgildi Kirkjubæjarklaustursjarða að rýrna en þessi rýrnun reyndist fyrirboði þess sem gerðist á næstu árum og öldum. Eldgos, jökulhlaup, sand- og vatnságangur settu svip sinn á Kirkjubæjarklaustur. Skaftáreldarnir 1783–1784 voru þá sérlega skæðir og eru til lýsingar eftir sr. Jón Steingrímsson um þann skaða sem gosið olli (Sigurjón Einarsson, 2004, bls. 25–28). Séra Jón Steingrímsson var ábúandi á Prestbakka á Síðu en hann þjónaði ennfremur Kirkjubæjarklaustri. Er hann helst þekktur fyrir eldmessuna þann 20. júlí 1783 þar sem hann stappaði stáli í sóknarbörn sín á meðan Skaftáreldar geisuðu. Hlaut hann eftir það viðurnefnið eldklerkurinn. Þá er hans einnig minnst fyrir aðkomu sína að neyðarhjálpi fyrir almenning (Jón Kristinn Einarsson, 2022, bls. 67–71).

Árið 1821 hóf Jón Magnússon, bóndi á Kirkjubæjarklaustri, „að fella gömlu ‚klosturhúsin‘“ (Sigurjón Einarsson, 2004, bls. 28). Athygli vekur að orðið klosturhúsin eru innan gæsalappa í textanum sem hér er vitnað í. Gefur það í skyn að þessi hús hafi verið kölluð þessu nafni en séu að öllum líkindum ekki hin eiginlegu hús Kirkjubæjarklausturs, heldur hafi minni verið til um að hús þess hafi staðið á sama stað. Efni þeirra húsa sem voru felld voru flutt vestur yfir lækinn Fossá, sem rennur úr Systravatni í Skaftá og hefur nafn sitt eftir Systrafossi sem er í læknum, en þar var talið vera betra bæjarstæði. Gamla bæjarstæðinu hafði þá verið lýst sem sandberangri. Nokkrum árum eftir að ‚klosturhúsin‘ voru rifin og tóftir þeirra fylltust af sandi, stóð kirkja ‚eldklerksins‘ ein eftir og var hún þá óvarin fyrir sandágangi og gróðureyðingu. Fór það svo að sumarið 1859 var hún tekin niður en þá hafði ný kirkja verið reist á Prestsbakka (Sigurjón Einarsson, 2004, bls. 27–43). Hér skal þó tekið fram að hér er ekki átt við gömlu klosturkirkjuna því að smíði þessarar umræddu kirkju hafði verið nýlokið árið 1779 (Sigurjón Einarsson, 1983, bls. 20). Á 20. öld varð svo töluverð þéttbýlismyndun á Kirkjubæjarklaustri en hún náði aldrei yfir gamla klosturstæðið (Sigurjón Einarsson, 2004, bls. 32–43). Hinn 17. júní árið 1974 var svo Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar vígð og átti hún að endurvekja sögulega arfleifð Kirkjubæjar en kapellan er í senn bæði guðshús og minnismarki (Sigurjón Einarsson, 2004, bls. 185–187).

1.2 Fyrri rannsóknir


Árið 1995 var tillaga samþykkt af hreppsnefnd Skaftárhrepps um að hefja rannsóknir á rústum á Kirkjubæjarklaustri. Fyrstu skref rannsóknanna þá voru í formi jarðsjármælinga sem voru framkvæmdar í þeim tilgangi að afmarka rústasvæði klostursins. Þessar jarðsjármælingar fóru fram á árunum 1995 og 1998 (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002, bls. 1–2).



Mynd 1: Uppgriftarsvæðið á Kirkjubæjarklaustri 2022. Einnig er merkt inn uppgriftarsvæðið 2002–2006, yngri bæjarrústir, kirkjugarðurinn og kapellan.

Uppgröftur á Kirkjubæjarklaustri hófst svo árið 2000 þegar grafnir voru þrjár könnunarskurðir í rústirnar á vegum Fornleifafræðistofunnar, undir stjórn Bjarna F. Einarssonar (mynd 1).

Fyrsti könnunarskurðurinn var grafinn austan við gamla kirkjugarðinn. Annar profuskurðurinn var grafinn norðan við götuna Skríðuvelli, austarlega í rústabungu vestan megin við hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhóla. Þriðji profuskurðurinn var grafinn vestan við gamla kirkjugarðinn. Í fyrstu var talið að ekki hefði verið komið niður á klausturminjar sökum þess hve djúpt þurfti að grafa áður en komið var niður á rústir (Bjarni F. Einarsson, 2000). Snéri starfsfólk Fornleifafræðistofunnar svo aftur til Kirkjubæjarklausturs tveimur árum seinna og var stærra svæði opnað þá þar sem fyrsti profuskurðurinn hafði verið grafinn á sínum tíma. Var þá staðfest að rústir klaustursins væru fundnar (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002). Uppgröftur á klausturminjum hélt síðan áfram undir stjórn Bjarna til ársins 2006. Grafið var norðan við gamla kirkjugarðinn og vestan við Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar (mynd 1; Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2002; 2006; Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir, 2004; 2005). Um 130 fermetra svæði var grafið upp á tímabilinu en innan þess fannst rúst af byggingu frá klausturtíma en hún skiptist í fimm herbergi (mynd 2). Eitt þeirra virðist hafa verið vefstofa miðað við gripi sem þar fundust, þ.m.t. fjöldakljásteina og leifar af vefstað (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2009)



Mynd 2: Niðurstöður uppgrافتar Fornleifafræðistofunnar 2000–2006. Í herbergi B má sjá leifar vefstaðar, viðarminjar litaðar brúnar. Teikning eftir Böðvar Þór Unnarsson, Guðbjörgu Melsted, Kristján Mímisson, Sindra Ellertsson og Söndru Sif Einarisdóttur.

Sá hluti rústa nunnuklaustursins á Kirkjubæjarklaustri sem hefur verið grafinn upp er frá lokum 14. aldar og til siðaskipta. Þetta þýðir að enn hefur ekki tekist að grafa upp rústir frá fyrstu árhundruðunum í sögu klaustursins en að auki er heildarumfang rústa þess ekki enn ljós (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 38).

Minjar Kirkjubæjarklausturs liggja auk þess nokkuð djúpt undir yfirborði sem olli nokkrum vandræðum við uppgröft 2002–2006 en háir sniðbakkar í jöðrum uppgrافتarsvæðisins eru óstöðugir og geta hrundið. Einnig kom í ljós að grunnvatnsstaða á svæðinu er há og þegar rignir flæðir vatnið í gegnum snið og inn á uppgrافتarsvæðið (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006). Við sömu vandræði var glímt í uppgrافتi sumarið 2022.

2 Stjórnsýsla og fjármögnun

Verkefnið *Samspil manns og náttúru* er fjármagnað með öndvegisstyrk frá Rannís. Verkefninu stjórnar Steinunn Kristjánsdóttir og er það rekið með aðstoð frá Háskóla Íslands. Tilskilin leyfi landeigenda og frá Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

3 Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi

Uppgröftur á rústum Kirkjubæjarklausturs fór fram á dögnum 4.–27. júlí 2022. Stjórnandi rannsóknar er Steinunn Kristjánsdóttir (SK) en yfirmenn á vettvangi voru þeir Jakob Orri Jónsson (JOJ) og Svavar Níelsson (SN). Aðrir starfsmenn voru doktorsnemarnir Sigrún Hannesdóttir (SH) og Védís Eir Snorradóttir (VES), MA neminn Delaney Lynn Dammeyer (DLD) og BA nemarnir Almar Smári Óskarsson (ASÓ), Sigþór Bjarmi Geirsson (SBG) og Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir (ÞHD). Jakob Orri sá um greiningu á leirkerjum, Steinunn á textíl en Svavar sá um frágang, ljósmyndun og skráningu gripa í Sarp og vinnslu teikninga.

Þar sem um var að ræða upphaf nýrrar rannsóknar á Kirkjubæjarklaustri, og vitað var að minjar frá klausturtíma liggja nokkuð djúpt undir yfirborði frá fyrri rannsóknum, var vélgrafa nýtt til að opna svæðið í áföngum (mynd 3). Annars var öll vinna unnin með handverkfærum. Öll teiknilög og einingar innan uppgrafar, eins og til dæmis jarðlög, steinar, staðsetning gripa og byggingarhlutar voru mæld upp með alstöð. Í lok hvers vinnudags var mælingum svo hlaðið upp í stafræna gagnagrunninn Intrasis.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir aðferð sem kallast einingaraðferðin (e. single context recording). Einingaraðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er hugsað sem minjar um einstakan atburð. Hvert lag, jafnt jarðlög sem mannvistarlög, er ljósmyndað og mælt með alstöð. Mælingin gefur hverri einingu númer innan uppgraftarsvæðisins og er það einkennt með hornklofum (t.d. [777]). Samhliða skráningu eininga er þeim raðað í flæðirit (Harris Matrix) sem heldur utan um afstæða aldursröð og samhengi innan uppgraftarsvæðisins. Ljósmyndun eininga fór fram með stafrænni ljósmyndavél og var þrífótur nýttur þar sem það var mögulegt. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi.




Mynd 3: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðinu, tekin seinasta dag vettvangsvinnu með flygildi.

Öll öskulög sem voru grafin upp voru þurrsigtuð í 5mm handsigti. Úr öskulögnum voru einnig tekin sýni í 10 lítra fötur sem notuð verða í greiningar á frjókornum, skordýrum og fræjum. Svæðið var einnig mælt með radarjarðsjá af starfsmönnum frá NIKU (*Norsk institutt for kulturminneforskning*) um í júlí. Í september var svæðið einnig mælt með viðnámsmæli og segulmæli á vegum Grampus Heritage and Training Ltd (mynd 4). Niðurstöður úr radarmælingunum liggja ekki fyrir.


4 Stærð og umfang uppgrftar

Líkt og áður getur var á árunum 2002–2006 grafið norðaustan við gamla kirkjugarðinn á Kirkjubæjarklaustri. Ákveðið var að halda ekki áfram að grafa þar sumarið 2022 og var því nýtt



Mynd 4: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd. Sjá má hringlaga garð innan gamla kirkjugarðsins en einnig rústir vestan við núverandi uppgrftarsvæði.

svæði opnað suðvestan við kirkjugarðinn (sjá mynd 3). Mældist uppgrftarsvæðið í fyrstu um 6 x 6 m að stærð en í upphafi annarrar viku uppgrftarins var ákveðið að stækka svæðið til norðurs og suðurs. Svæðið varð því mest um 18,3 x 7 m að stærð og var ákveðið að skipta svæðinu í þrennt, A-svæði, B-svæði og C-svæði. A-svæði er það svæði sem var opnað lengst til norðurs, B-svæði er svæðið í miðjunni sem var upprunalega opnað og C-svæðið er það svæði sem var opnað lengst til suðurs (mynd 5). Verður hvert svæði rætt sérstaklega í þessari skýrslu en öll eiga þau það sameiginlegt að lag áfoksmoldar og járnútfellinga [258] sem á köflum varð að gegnheilli járnútfellingu lá yfir þeim en engin mannvistarlög fundust ofan við það.




Mynd 5: Teikning af uppgriftarsvæðinu sumarið 2022 við lok vettvangsvinnu

Við lok uppgriftar var jarðvegisdúkur breiddur yfir svæðið, staurar reknir niður umhverfis það og lína strengd milli þeirra til að merkja svæðið en þar sem áætlað er að uppgrefti verið haldið áfram sumarið 2023 var ekki fyllt upp í svæðið aftur.

4.1 A-Svæði

A-svæði uppgrftarins var um 5,5x5,5 m að stærð en síðan reyndist þörf á að taka um 1 m af svæðinu nyrst til að útbúa ramp svo hægt væri að ganga upp úr því. Var því raunstærð A-svæðis um 5,5x4,5 m. Á svæði A eru tvær torfhleðslur og voru lög torfhruns tengd þeim en önnur mannvistarlög eru viðaröskulög sem flest voru mjög þunn og blönduð áfoksmold. Náttúruleg lög voru flest járnrík moldarlög með slettum eða linsum af viðarösku (sjá myndir 6 og 7).

Lag áfoksmoldar með járnútfellingum [258] lá, líkt og kemur fram í inngangi kaflans, yfir öllu svæðinu og voru öll mannvistarlag undir því. Undir því lagi [258], í suðvestur horni svæðisins, var moldarblandið viðaröskulag [299], en leirkersbrot (2022-7-10) sem í því fannst bendir til að lagið sé frá síðari hluta 18. aldar eða þeirri 19. Undir viðaröskulagi [299] og járnútfellingarlagi [258] var lag áfoksmoldar [455] með sendnum linsum, einstaka járnútfellingum og viðaröskuflyksum. Innihélt það morkin bein sem ekki tókst að safna. Þá voru þar steinar, án þess þó að hægt væri að greina byggingarlag á dreifingu þeirra. Áfoksmoldarlagið [455] var mjög breytilegt hvað varðar þéttleika og áferð, án þess þó að hægt hafi verið að greina mismunandi lög í því.



Mynd 6: Teikning af A-svæði, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022

Í norðausturhorni svæðisins kom undan áfoksmoldalaginu [455] lag torfhruns [777] og efsti hluti torfhleðslu [800]. Torfhrunið [777] var úr torfhleðslu [800]. Nokkur önnur lög liggja milli torfhrunsins [777] og neðsta hluta torfhleðslunnar [800] en ekki reyndist mögulegt að grafa hana alla fram þetta sumarið. Torfhleðslan [800] stefnir norðvestur-suðaustur og liggur suðaustur út af uppgraftarsvæði, undir steypnan vegg kirkjugarðsins. Mest er hleðslan um 2,14 m inn á uppgraftarsvæði. Undir torfhruninu [777] var viðaröskulag [1052]. Viðaröskulagið [1052] var þunnt öskulag án aldursgreinanlegra gripa. Viðaröskulagið [1052] var svo yfir blönduðu lagi viðarösku og áfoksmoldar [1081].


Í suðvesturhorni svæðisins kom í ljós lítið lag viðarösku [766] undan blandaða moldarlaginu [455]. Viðaröskulagið [766] lá ofan á torfhruni [880] úr torfhleðslu [904]. Torfhrunið [880] lá yfir torfhleðslu [904] og blönduðu lagi viðarösku og áfoksmoldar með einstaka járnútfellingum [1081].

Torfhleðslan [904] nær aðeins um 0,82 m inn á uppgraftarsvæðið, með stefnu norður-suður, en liggur áfram suður af uppgraftarsvæðinu, vestan við svæði B. Torfhleðslan [904] er um 0,8 m á breidd en ekki reyndist mögulegt að grafa hana alla fram þetta sumarið.

Blandaða lagið [1081] lá yfir nánast öllum norðurhluta svæðisins og er keimlíkt blandaða moldarlaginu [455], þó minna af járnútfellingum og sendnum linsum en meira af viðarösku- og torfslettum. Sunnan við torfhleðsluna [800] kom fram viðaröskulag [1257], þunnt lag en þó fremur stórt, undan blandaða laginu [1081].

Viðaröskulagið [1257] reyndist vera seinasta lagið sem unnt var að grafa sumarið 2022. Lögin sem komu fram undan því, og blandaða laginu [1081], voru mæld upp og lýst. Efst af þeim lögum sem á eftir að grafa virðist vera viðaröskulag [1626], nyrst á svæðinu. Vestan við viðaröskulagið [1626] er áfoksmoldarlag [1676] en í því eru viðaröskuslettur. Austan við öskulagið [1626] og norðan við torfhleðslu [800] var steinahrúga [1820]. Steinahrúgan [1820] hafði ekki byggingarlag og eru steinarnir þar yfirleitt það litlir að ekki er líklegt að þeir séu úr hleðslu.

Sunnan við moldarlagið [1676] er gulleitt, fitukennt, tyrfið lag [1705] sem liggur upp að torfhleðslu [904]. Syðst á svæðinu er stórt, blandað lag [1734] áfoksmoldar og viðarösku með




Mynd 7: Teikning af C-svæði uppgraftarins sumarið 2022, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu : Flæðirit yfir einingar á A-svæði.

töluvert af járnútfellingum. Mjög líklegt er að þetta lag sé í raun nokkur lög sem ekki var hægt að greina á milli á yfirborði. Syðst á svæðinu, umlukið blönduðu lagi [1734], er afmarkað lag [1802] járnríks jarðvegs, sem er mjög líklega járnríkt torf.


4.2 B-Svæði

B-svæði var grafið að mestu með gröfu en þar var einnig tekinn lítill könnunarskurður [1188] til að kanna hversu djúpt mannvistarlæg ná (mynd 8). Strax var greinilegt að mikil jarðvegsþykknun hefur átt sér stað en efstu mannvistarlæg voru um 1 m fyrir neðan yfirborð, undir lagi áfoksmoldar með járnútfellingum [258] sem lá yfir uppgraftarsvæðinu öllu. Reyndust mannvistarlögin ná að minnsta kosti niður á um 4 metra undir yfirborð en grunnvatnsstaðan var á um 3,5 metra dýpi undir yfirborði. Þetta þýddi að dýpsti hluti B-svæðis, sem var grafinn töluvert dýpra en svæði A og C, fylltist sífellt af vatni sem dæla þurfti burt. Í könnunarskurði [1188] reyndist ekki unnt að grafa dýpra 4 m vegna vatns sem vætlaði inn í skurðinn. Voru minjar þar á um 0,50 metra undir grunnvatnsstöðu. Er því ljóst að vatnsstaðan mun valda nokkrum vanda við framhald uppgrftar á svæðinu. Bein (2022-7-36) sem fannst í könnunarskurðinum [1188] var sent í kolefnisaldursgreiningu og reyndist það frá klausturtíma (sjá kafla 6.1 og viðauka 2). Innan B-svæðis mátti greina öskuhauga en erfitt reyndist að greina á milli mannvistarlaga og náttúrulegra



Mynd 8: Teikning af B-svæði, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022.

laga þegar grafið var með vélgröfu. Í suðausturhorni B-svæðis var skilinn eftir nokkur stallur mannvistarlaga sem ekki reyndist unnt að rannsaka nema að litlum hluta þetta sumarið en ljóst er þó að þau tengjast við mannvistarlæg [1195] og [1451] á svæði C. Há grunnvatnsstaða gerði uppgröft á svæði B mjög svo erfiðan svo að ákveðið var að leggja áherslu á svæði A og C. Það var engu að síður á B-svæði sem að einhverjir merkustu fundir sumarsins komu upp. Það voru örvaroddu (2022-7-1) og stallur undan stytta eða líkneski úr leir (2022-7-12), en báðir virðast þeir eiga uppruna sinn úr klausturtíma.



Mynd 9: Teikning af C-svæði uppgrftarins sumarið 2022, eins og það leit út við lok vettvangsvinnu

4.3 C-Svæði


C-svæði uppgrftarins var upprunalega um 6,6 x 6,6 m að stærð en sökum dýptar svæðisins og magns sands endaði uppgraftarsvæðið á að verða um það bil 4 x 6,6 m að stærð en sandurinn syðst á svæðinu rann sífellt niður og fyllti aftur upp í það (myndir 9 og 10). Á C-svæði uppgrftarins er öskuhaugur og öll mannvistarlög tilheyra honum. Mannvistarlögin voru flest annað hvort öskulög eða torflög. Í sumum tilvikum voru mannvistarlögin torfblönduð öskulög. Önnur jarðlög voru annaðhvort moldarlög eða sandlög en þess má einnig geta að náttúrulegu lögin voru mörg hver mjög járnrík.

Efsta skráða jarðlagið á C-svæði er [283] sem var hreyft moldarlag og lá það ofan á járnríka áfokslaginu [258] og viðaröskulaginu [625]. Þess má geta að hreyfða moldarlagið [283] og viðaröskulagið [625] lágu bæði norðarlega á C-svæði en mörkin milli þessara laga voru nokkuð óljós. Viðaröskulagið [625] var það lag á C-svæði sem innihélt flest fundarnúmer en meðal gripa má nefna járn- og aðra málmgripi en einnig tvö leirkersbrot (2022-7-29). Líkt og annarsstaðar á uppgraftarsvæðinu lá járnríkt áfokslag [258] yfir öllu C- svæði en þar var það nokkuð blandað moldarlögum og mörk þess því því óljós. Undir járnríka áfokslaginu [258] voru tvö lög, moldarlag

[810] og viðaröskulag [625] en bæði þessi lög voru norðarlega á C-svæði. Moldarlagið [810] var náttúrulegt en innihélt mikið af járnútfellingum.

Viðaröskulagið [625] reyndist síðan fara undir moldarlaginu [810]. Undir moldarlaginu [810] voru þrjú önnur lög auk viðaröskulagsins [625]. Þau lög voru náttúrulegt lag [1011] sem náði yfir næstum því hálf C-svæði, viðaröskulagið [1195] var nyrst á C-svæði og náði í raun inn á miðju hluta uppgrافتarsvæðisins og viðaröskulagið [1382] sem myndaði bungu fyrir miðju, norðarlega á C-svæði. Undir viðaröskulaginu [625] voru tvö jarðlög, torf- og moldarblönduðu jarðlög [958] og [1067].

Undir þessum tveimur blönduðu torflögum var svo torfblandað viðaröskulag [1141]. Í jarðlagi [1141] voru mörk öskunnar og torfsins oftast skýr en ytri mörk lagsins voru hins vegar óljós og því ákveðið að taka öskuna og torfið saman sem eitt lag. Undir jarðlagi [1141] voru önnur jarðlög en þau voru kolalög [1290] og [1320] en einnig torflag [1349].



Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á C-svæði.

5 Lýsing mannvirkja


Tvær torfhleðslur komu í ljós við uppgröftinn sumarið 2022. Báðar eru þær litlir bútar og báðar er þær að finna á A-svæði. eru þær mjög svipaðar í útliti, hlaðnar úr ljósu appelsínugulleitu torfi en afstaða þeirra til hvor annarrar þýðir að þær eru að öllum líkindum ekki hluti af sama mannvirkinu. Þó er mögulegt að hleðslurnar séu frá svipuðum tíma.

Torfhleðsla [800] sem fannst við austursnið uppgraftarsvæðisins (myndir 6 og 11) virðist hún hafa stefnu norðvestur-suðaustur út af því og undir steiptan vegg kirkjugarðsins. Mest er hleðslan um 2,14 m á breidd innan uppgraftarsvæðis en ekki er hægt að segja með vissu um breidd hennar þar sem búturinn sem er innan uppgraftarsvæðisins virðist vera horn mannvirkis og ekki er að sjá innri mörk hleðslunnar. Miðað við þá breidd sem er mælanleg er, er vel mögulegt að um sé að ræða vegg einherrar byggingar sem að öllum líkindum hefur staðið þarna á 17. öld, miðað við fundi í einingum í kringum hleðsluna.

Torfhleðsla [904] (sjá mynd 12) liggur öllu dýpra en hleðsla [800] og er því mögulega eitthvað eldri. Hleðsla [904] kom í ljós í suðvestur horni uppgraftarsvæðisins (sjá mynd 6) og liggur hún mest um 0,8 m inn á uppgraftarsvæðið og er um 0,8 m að breidd, en þar er einnig um horn hennar að ræða án greinilegra innri marka.




Mynd 11: Torfhleðsla [800].




Mynd 12: Torfhleðsla [904].

6 Fundir

Alls voru skráð 147 fundarnúmer á Kirkjubæjarklaustri sumarið 2022, en af þeim var tveimur númerum eytt þar sem meintir gripir reyndust vera náttúrulegir steinar. Af þeim 145 númerum sem eftir stóðu voru 43 númer skráð sem járn, 24 fundarnúmer voru fyrir bein, 18 fyrir keramik, 16 fyrir við og fjórtán fyrir kopar. Aðrir fundarhópar innihalda færri en tíu fundarnúmer.



Mynd 13: Dreifing funda við uppgröftinn á Kirkjubæjarklaustri 2022.



Mynd 14: Skífurit með hlutföllum gripaflokka eftir fjölda.

Alls voru 60 fundarnúmer skráð á C-svæði úr uppgrefti og sigtun mannvistarlaga, 63 á A-svæði, 22 á B-svæði (myndir 13 og 14).

6.1 Bein

Alls voru 24 fundarnúmer skráð fyrir bein, allt dýrabein. Að öllum líkindum er um matarleifar að ræða en aðeins stök bein fundust. Bein hafa ekki verið greind af dýrabeinafræðingi. Eitt bein (2022-7-36), sem reyndist úr sauðfé, var sent í kolefnisaldursgreiningu hjá rannsóknarstofunni Beta Analytics. Voru niðurstöður þær að féð sem beinið tilheyrði hefði, með 92,9% vissu, drepist á tímabilinu 1396–1449. Einnig leiddi greiningin í ljós að féð hafi verið alið á grasi fjarri sjó (sjá viðauka 2).

6.2 Blý

Sex fundarnúmer voru fyrir gripi úr blýi. Tveir blýgripanna eru innsigli eða fatamerki (2022-7-3 og 2022-7-99) sem voru líklega áföst innfluttum textíll. Innsigli (2022-7-3; mynd 15) fannst í austursniði B-svæðis og tilheyrir



Mynd 15: Innsigli úr blýi (2022-7-3).

miðaldalögum en innsigli (2022-7-99) fannst í torfhruni [777]. Einnig fannst líklega einhverskonar tala (2022-7-83) úr blýi. Þá fundust þrír aðrir gripir úr blýi sem voru illgreinanlegir.

6.3 Gler

Þrír glergripir fundust sumarið 2022. Tvö brotin eru úr flötu gleri, líklegast rúðugleri (2022-7-70 og 2022-7-52; mynd 16). Það síðarnefnda gæti þó verið úr einhverskonar íláti fremur en rúðu. Þriðja brotið er steint gler (2022-7-41). Það fannst við sigtun á svæði C. Það gæti verið frá klausturtíma en steint gler fannst við uppgröftinn 2002–2006. Eins er getið um steinda glugga í Kirkjubæjarklausturskirkju árið 1397 (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 295).



Mynd 16: Glerbrot (2022-7-52).

6.4 Járn

Af þeim 43 fundarnúmerum sem voru skráð sem járn voru 28 númer fyrir nagla, níu fyrir ógreinilega járnhluti, eitt fyrir öngul (2022-7-26), eitt fyrir þrjón (2022-7-81), eitt fyrir þjöl (2022-7-77), eitt fyrir örvarodd (2022-7-1), eitt fyrir líklega sylgju (2022-7-11) og eitt fyrir nál (2022-7-22).

Einn af merkilegustu fundum sumarsins er án efa örvaroddurinn (2022-7-1; myndir 17 og 18) sem fannst neðarlega í suðursniði á B-svæði og hefur verið túlkað tilheyrja klausturtíma. Örvaroddurinn virðist vera oddur af lásabogaör, en vitað er að slíkir bogar tilheyrðu vopnabúrum vissra klaustra á Íslandi þó ekki sé vitað til þess að Kirkjubæjarklaustur hafi átt slíkt vopnabúr.



Mynd 17 og 18: Örvaroddur (2022-7-1). Myndirnar tók Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands.

6.5 Keramik

Keramik var þriðji stærsti fundarhópurinn sumarið 2022 og voru skráð 18 þannig fundarnúmer, en af þeim var aðeins eitt sem ekki var leirker. Þetta eina keramik (2022-7-12) sem ekki var leirker er að öllum líkindum hluti af sex- eða átthyrndum stalli undan stytta (sjá mynd 19), mjög líklega dýrlingalíkneski en fóturinn undan líkneski heilagrar Barböru sem fannst við rannsóknir á Skriðuklaustri er mjög svipaður í útliti (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 443).



Mynd 19: Keramikbrot (2022-7-12).

Undir þeim 17 fundarnúmerum sem voru skráð sem leirker voru í heildina 25 leirkersbrot úr að minnsta kosti sjö ílátum. Aðeins eitt þessara íláta er yngra en 1750, ílát úr verksmiðjuframleiddum leir sem hefur skaddast í eldi. Þrjú ílát voru steinleirsílát, eitt Faience ílát, eitt ílát úr rauðleir og eitt ílát úr hvítum leir (2022-7-13). Því miður voru öll brotin það lítil að erfitt er að greina úr hverskonar ílátum þau voru, nema steinleirsílátin sem virðast öll vera úr flöskum eða könnum.

Öll ílátin, fyrir utan iðnaðarleirinn og ílátið úr hvítum leir, virðast vera frá tímabilinu 1600 til 1750. Hvíta leirkersbrotið (2022-7-13) er mögulega úr miðalda íláti en það fannst úr uppmökstri úr B-svæði. Frekar um leirkerin má lesa í viðauka 1.

6.6 Kopar

Alls voru 13 fundarnúmer kopar, mest þynnur og naglar af C-svæði. Nokkra fundi er vert að minnast á sérstaklega. Sá fyrsti er kopar með áföstum textíl (2022-7-92). Bæði textíllinn og koparinn eru illa farin. Að öllum líkindum var koparinn hnappur eða skreyti á textílnum. Fyrir utan þennan fund fannst annar koparhlutur með áföstum textíl (2022-7-100). Þriðji fundurinn er endi af hnífsskafti en það samanstendur af koparskreyti utan um kjarna tin og blýblöndu (2022-7-30; mynd 20). Tin og blýblandan, staðfest með efnagreiningu (Sólveg G. Beck, 2023), lítur út fyrir að hafa verið fest við einhvern annan hlut, mögulega lífrænan, textíl eða við, og koparinn hefur þá verið skreyti á þennan hlut.



Mynd 20: Endi af hnífsskafti gerður úr blöndu af kopar, tinni og blýi (2022-7-30).

Seinasti gripurinn sem vert er að minnast á er lítið brot (2022-7-14) sem skráð var sem leirker á vettvangi en hefur með efnagreiningu (Sólveg G. Beck, 2023) verið staðfest sem málmblanda kopars, tins, antimoní og blýs. Þessi gripur er því brot úr koparpotti.

6.7 Silfur

Einn gripur fannst sem sem er silfurblanda. Þessi gripur var skráður á vettvangi sem kopar en efnagreining (Sólveg G. Beck, 2023) hefur sýnt fram á að um silfur og blý blöndu er að ræða. Gripurinn er gagnskorið skreyti (2022-7-21; mynd 21) en það hefur líklegast verið fimm eða sex arma stjarna. Silfrið hefur verið fest með nöglum við eitthvert lífrænt efni, sennilega textíl eða við. Mjög líklega er þetta skreyti af fatahnapp.



Mynd 21: Silfur (2022-7-21).

6.8 Steinar

Sjö fundanúmer eru fyrir steina, þar af eru þrjú brýni. Allir fundirnir eru aðfluttir, þar með talið einn steinn sem talið sé jaspis (2022-7-75). Eitt brýnanna (2022-7-2; mynd 22) fannst í öskuhaug á B-svæði uppgrftarins en það er líklegast frá klausturtíma.



Mynd 22: Brýni (2022-7-2).

Brýnið er mjög lítið, aðeins um sex cm á lengd, þrír á breidd og um einn að þykkt. Í það hefur verið borað gat fyrir þveng eða streng. Einnig mótar fyrir ummerkjum um að grafið hafi verið í brýnið, rétt neðan við gatið, þó að það sé of máð til að hægt sé að segja með vissu hvað hefur verið grafið í það. Miðað við stærð, aldur og samhengi er talið að brýnið sé nálabrýni. Efnagreining (Sólveg G. Beck, 2023) bendir til þess að öll brýnin séu norsk að uppruna.

6.9 Textíll



Mynd 23: Bútur úr vaðmáli (2022-7-103).

Þrjú fundarnúmer eru fyrir textíl þetta sumarið, allt fremur litlir bútar. Greiningar á textílnum hafa farið fram. Tveir búturnir eru úr vaðmáli en einn er úr þrjónalesi. Sú þekking að þrjóna er ekki talin hafa borist til Íslands fyrr en uppúr 1500. Þrjónar fundust við uppgröftinn 2002–2006 en ekki er víst að þrjónalesið sem fannst nú sé svo gamalt (2022-7-102).

6.10 Tin



Mynd 24: Tin sakka eða lóð (2022-7-9).

Engir tin fundir voru skráðir á vettvangi en eftir að efnagreining fór fram (Sólveg G. Beck, 2023) komu í ljós að þrír gripir sem voru skráðir sem blý voru í raun úr tinni að meirihluta. Einn þeirra er sakka eða lóð (2022-7-9; mynd 24). Gripurinn fannst á A-svæði úr 17. eða 18. aldar samhengi. Hinir tveir gripirnir (2022-7-34 og 2022-7-96) eru illgreinilegir.

6.11 Viðarkol

Átta fundarnúmer fyrir viðarkol voru skráð. Aðeins stærri viðarkolamolum var safnað með það í huga að þeir gætu verið notaðir til kolefnisaldursgreininga.

6.12 Viður

Sextán númer voru skráð í fundaskrá fyrir við. Í öllum tilfellum er um að ræða litla viðarbúta þar sem ekki er hægt að greina hvort um eiginlegan grip sé að ræða. Margir þeirra eru bláleitir vegna mengunar af náttúrulega efninu *vivianite*.

6. Landslag, gróður og jarðgrunnur

Uppgraftarsvæðið er staðsett innan túns sem ekki hefur verið nýtt um nokkurn tíma. Stærstur hluti túnsins myndar þríhyrnt svæði sem afmarkast til austurs af gamla kirkjugarðinum en til norðurs, vesturs og suðurs af malbikuðum götum. Túnið er nokkuð þýft en yfirborðslög eru mjög sandkennd, allt þar til kemur niður að lagi áfoksmoldar með járnútfellingum [258]. Heimamenn tjáðu fornleifafraeðingum við uppgröft að þetta tún hefði verið mýri fyrir um hálfri öld eða svo og þekkt sem Kirkjumýri eða Klausturmýri sem skýrir það vel hve járnríkur jarðvegurinn er en járnútfellingar og járnrik lög virðast vera helstu náttúrulegu jarðlögin sem er að finna á þessu svæði. Hefur járníð í mörgum tilfellum einnig smeygt sér inn í mannvistarlög.

Á Kirkjubæjarklaustri hefur átt sér stað mikil jarðvegsþykknun í áranna rás en um 1 til 1,5 metrar voru niður á mannvistarlög sem ná niður fyrir 4 metra dýpi undir yfirborði. Líkt og fyrr getur, liggur grunnvatn einnig mjög hátt á Kirkjubæjarklaustri.

7. Miðlun

Ljósmyndum og upplýsingum um gripi var deilt á Facebook síðu rannsóknarinnar *Uppgröftur á Kirkjubæjarklaustri / Excavation at Kirkjubæjarklaustur* á meðan uppgrefti stóð. Var þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Skýrsla þessi mun vera birt í opnum aðgangi á heimasíðu verkefnisins *Samspil manns og náttúru – Between Man and Nature* (bmn.hi.is).

8. Túlkun og framhald rannsókna

Enda þótt rústir bygginga klaustursins í Kirkjubæ hafi ekki fundist þetta sumarið, þá er afraksturinn góður. Stór öskuhaugur fannst á B- og C-svæðum uppgrafarins sem virðist hafa safnast upp yfir langan tíma, að minnsta kosti frá klausturtíma og alveg fram á 17. eða jafnvel 18. öld. Var þetta staðfest bæði með gripagreiningum og með kolefnisaldurgreiningu á beini úr sauðfé sem hefur drepist á fyrri hluta 15. aldar. Ekki tókst að rannsaka öskuhauginn í heild en þó lofar hann góðu fyrir áframhaldandi rannsóknir á sambúð klaustrafólksins við náttúrulegt umhverfi sitt.

Hægt var að tímasetja allar einingar frá A-svæði til 17. eða 18. aldar en líklegt er að þar undir geti legið minjar frá klausturtíma líkt og kom í ljós í uppgreftinum 2002–2006. Fróðlegt væri að vita hvort torfhleðslur þær sem komu fram á A-svæði séu veggir bygginga eða stök garðlög.

Miðað við afrakstur sumarsins 2022 er líklegt að áhersla verði lögð á öskuhauginn á C-svæði, sem og ný svæði eftir niðurstöðum fjarkannana 2022, við uppgröft næsta sumars, en áætlað er að næstu tvö sumur, hið minnsta, muni vera grafið á Kirkjubæjarklaustri í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*.

Heimildaskrá

- Árni Daníel Júlíusson. (2014). *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1500*. Center for Agrarian Historical Dynamics.
- Bjarni F. Einarsson. (2000). *Kirkjubær : Klaustur og umhverfisaðstæður : Prufuholur við gamla bæjar- og klausturstæði Kirkjubæjar*. Fornleifafræðistofan.
- Jón Kristinn Einarsson. (2022). *Jón Steingrímsson og Skaftáreldar*. Sögufélag.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2002). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Skýrsla I : Rannsóknaruppgröftur sumarið 2002*. Fornleifafræðistofan.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2006). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Áfangaskýrsla 2006 til stjórnar Kristnihátíðarsjóðs*. Fornleifafræðistofan.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2009). „Ora et labora“ : Efnisveruleiki klausturlífs á Kirkjubæjarklaustri. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.) *Endurfundir : Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005*. Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2004). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Skýrsla III : Rannsóknaruppgröftur, sumarið 2004*. Fornleifafræðistofan.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2005). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ : Skýrsla IV : Rannsóknaruppgröftur, sumarið 2005*. Fornleifafræðistofan.
- Landnáma. Íslensk fornrit I*. (1982). Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.
- Sigurjón Einarsson. (2004). Kirkjubæjarklaustur: Héraðsmiðstöð að fornu og nýju. *Dynskógar: Rit Vestur-Skaftfellinga* 9, bls. 7–198.
- Sólveig G. Beck. (2023). *Efnagreiningar á gripum frá Þingeyraklaustri og Kirkjubæjarklaustri með hjálp pXRF*. Háskóli Íslands.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2017). *Leitin að klaustrunum : Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Sögufélag.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2021). Lokun íslensku miðaldaklaustranna. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 53/2021, bls. 74–96.

Jarðlagaskrá

Jarðlög sem náðu yfir öll svæði

Náttúruleg lög

Yfirborðslag

